

innlendan aðila er að ræða. Gæta skal þess að afhenda ferðamanni afrit afreikningsnótu.

Gjaldeyrinum skal skipt á kaupgengi á afgreiðsludegi að frádreginni þóknun, skv. gjaldskrá gjaldeyrisbankanna. Skal helmingur þóknunar ganga við gjaldeyris-skil til gjaldeyrisviðskiptabankanna.

Öðrum gjaldeyri er hérgreindum bönkum og sparisjóðum óheimilt að skipta.

3. Aðrir aðilar, sem viðskipti eiga við erlenda ferðamenn.

Aðilar, sem skipta við erlenda ferðamenn sem aðalatvinnu eða sem veigamikinn og fastan þátt í starfsemi sinni, þ. e. hótél, flugfélög, skipafélög, ferðaskrifstofur, bifreiðaleigur, minjagripaverslanir, eigendur og forráðamenn veiðiréttinda í ám og vötnum og hliðstæðir aðilar, mega taka við greiðslu í erlendum gjaldeyri fyrir seldar vörur, leigu, afnotarétt og veitta þjónustu, og skulu þeir gera eigi sjaldnar en á 30 daga fresti gjaldeyris-skil með sölu gjaldeyrisins til Landsbanka eða Útvegsbanka eða síns viðskiptabanka. Ofangreindir aðilar skulu senda gjaldeyriseftirlitinu skýrslur, á þar til gerðum eyðublöðum, eigi sjaldnar en ársfjórðungslega miðað við lok hvers ársfjórðungs um hve mikil gjaldeyris-skil hafi verið að ræða, og í hvaða banka gjaldeyri var seldur, en hægt er að semja við gjaldeyriseftirlitið um lengri frest, sérstaklega fyrir aðila með minni eða afmarkaðan rekstur. Skýrslur þessar skulu hafa borist gjaldeyriseftirlitinu, eigi síðar en á 15. degi næsta mánaðar eftir hvern ársfjórðung.

Ofangreindar heimildir banka, sparisjóða, gististaða o. fl. skv. 2. og 3. tl. til gjaldeyris-skipta eru háðar þeim forsendum, að hérgreindum skilyrðum um gjaldeyris-skipti, sölu gjaldeyris og skýrslugerð sé sinnt af þeirra hálfu.

Gjaldeyriseftirlitið sér um framkvæmd reglna þessara og eru þær settar í samráði við Seðlabankann.

Auglýsing þessi er sett skv. heimild í lögum nr. 63 frá 30. maí 1979 um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála og öðlast gildi nú þegar. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing ráðuneytisins um gjaldeyris-skipti við erlenda ferðamenn nr. 258 frá 16. júní 1977.

Viðskiptaráðuneytið, 21. mars 1980.

Tómas Árnason.

Yngvi Ólafsson.

REGLUGERÐ

um friðunarsvæði við Ísland.

1. gr.

Skipum, er veiðar stunda með botnvörpu og flotvörpu eru bannaðar veiðar innan fiskveiðilandhelgi Íslands á eftirgreindum svæðum og tíma:

1. Í Reykjafjarðarál allt árið á svæði, sem markast að vestan og norðan af línun, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

- a) 66°34'7 N, 22°00'0 V
- b) 66°37'3 N, 21°21'5 V
- c) 66°58'6 N, 20°54'0 V
- d) 66°59'0 N, 20°40'0 V

að austan markast svæðið af 20°40'0 V.

2. Fyrir Norðausturlandi allt árið á svæði, er að vestan markast af línu sem dregin er réttvísandi 10° frá Hraunhafnartanga (viðmiðunarstaður 9) og að austan af línu, sem dregin er réttvísandi 81° frá Langanesi (viðmiðunarstaður 10). Að utan markast svæðið af línu, sem dregin er 40 sjómíllur utan við viðmiðunarlínu samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Á tímabilinu 15. september 1980 til 31. janúar 1981, eru ennfremur bannaðar veiðar með botnvörpu og flotvörpu á svæði, er að vestan markast af línu, sem dregin er réttvísandi 360° frá Rifstanga (viðmiðunarstaður 8) og að austan að línu, sem dregin er réttvísandi 10° frá Hraunhafnartanga (viðmiðunarstaður 9). Að utan markast svæði þetta af línu, sem dregin er 40 sjómíllur utan við viðmiðunarlínu.
3. Fyrir Vesturlandi allt árið á svæði, er markast af línunum, sem dregnar eru á milli eftirgreindra punkta:
- | | | |
|----|-----------------------|----------------------|
| a) | $65^\circ 25' 0''$ N, | $27^\circ 00' 0''$ V |
| b) | $65^\circ 26' 0''$ N, | $26^\circ 54' 0''$ V |
| c) | $65^\circ 08' 0''$ N, | $26^\circ 48' 0''$ V |
| d) | $64^\circ 39' 0''$ N, | $26^\circ 54' 0''$ V |
| e) | $64^\circ 39' 0''$ N, | $27^\circ 02' 0''$ V |
| f) | $65^\circ 03' 0''$ N, | $27^\circ 09' 0''$ V |

2. gr.

Á eftirgreindum svæðum og tíma eru skipum bannaðar allar veiðar:

1. Fyrir Suðurlandi á tímabilinu frá 20. mars til 15. maí á svæði, er markast af línunum, sem dregnar eru á milli eftirgreindra punkta:
- | | | |
|----|-----------------------|-----------------------|
| a) | $63^\circ 32' 0''$ N, | $22^\circ 00' 0''$ V |
| b) | $63^\circ 32' 0''$ N, | $21^\circ 10' 0''$ V |
| c) | $63^\circ 00' 0''$ N, | $21^\circ 10' 0''$ V |
| d) | $63^\circ 00' 0''$ N, | $22^\circ 00' 0''$ V. |
2. Norður af Kögri allt árið á svæði, er markast af línunum, sem dregnar eru á milli eftirgreindra punkta:
- | | | |
|----|-----------------------|-----------------------|
| a) | $67^\circ 17' 0''$ N, | $23^\circ 51' 0''$ V |
| b) | $67^\circ 21' 5''$ N, | $22^\circ 03' 0''$ V |
| c) | $67^\circ 02' 4''$ N, | $21^\circ 47' 0''$ V |
| d) | $66^\circ 57' 0''$ N, | $23^\circ 21' 0''$ V. |

Á þessum svæðum skal þó heimilt að stunda loðnuveiðar, þegar slíkar veiðar eru leyfðar og ennfremur er ráðuneytinu heimilt að veita leyfi til rækjuveiða norður af Kögri.

3. gr.

Með mál sem rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða viðurlög refsingu samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 1. apríl 1980 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Frá sama tíma er felld úr gildi reglugerð nr. 247 4. júlí 1978, um friðunarsvæði við Ísland, ásamt síðari breytingum á henni nr. 433/1978 og 400/1979.

Sjávarútvegsráðuneytið, 11. mars 1980.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.